



Stjórnarfundur 1 miðvikudagur 27. maí 2009 kl. 17.15 á skrifstofu BLÍ

Mætt: Jason Ívarsson, formaður. Svala Vignisdóttir, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Stefán Jóhannesson. Davíð Búi Halldórsson boðaði forföll ásamt Óskari Haukssyni, Valdimar Hafsteinssyni og Hreggviði Norðdahl.

Dagskrá fundarins

- Verkaskipting stjórnar
- Skipan í nefndir
- Landslið Kypur
- Verkefni frá ársþingi
- Bréf inn/út
- Önnur mál

Fundargerð

Tillaga að verkaskiptingu stjórnar:

- Stefán Jóhannesson verði varaformaður
- Aðalheiður Sigursveinsdóttir verði gjaldkeri
- Svala Vignisdóttir verði ritari
- Davíð Búi Halldórsson verði meðstjórnandi

Tillagan samþykkt samhljóða

Skipan í nefndir:

- Landsliðsnefnd – Stefán Jóhannesson
 - undir þessa nefnd eru U19 og U17 nefndir sem þarf að finna fólk til að stýra. Hagkvæmt væri að seta í nefndum almennt væri í tvö ár.
- Yngriflokkanefnd verði áfram sama nefnd og Jason ræðir við Aðalstein um formennsku.
- Dómaranefnd – Jón Ólafur Valdimarsson
- Strandblaksnefnd – Karl Sigurðsson
- Aganefnd – Hreggviður Norðdahl, Þorvaldur Sigurðsson og Jón Gunnar Sveinsson. Sævar sendir bréf á þessa aðila í sumar.
- Mótanefnd
 - Svala nefndi að það verði að vera tveir eða þrír virkir í nefndinni svo allt lendi ekki á einum manni. Framkvæmdastjórinn er formaður nefndarinnar og hafa menn að norðan og austan í nefndinni með sér. Auk þess var ákveðið að formaður BLÍ verði einnig í nefndinni.
 - Formenn KA og Þróttar Nes verði að tilnefna mann í nefndina í sumar en nefndin tekur til starfa sem fyrst.

Landslið Kypur

- Stefán gerir grein fyrir ferðinni til Kypur, kostnaði og fararstjórn frá BLÍ.
- RÚV sendir fréttamann á leikana og mun gera blakinu góð skil. Ákveðið hefur verið að sýna leik Íslands og Kypur kvenna í Sjónvarpinu, svo og úrslitaleikina í strandblaki.
- Sævar mun einnig reyna að koma fréttum til Íslands meðan á leikjunum stendur og strax eftir þá. Karl Sigurðsson heldur utan um strandblakhópinn en þar eru bæði karla og kvennalið að fara.
- Karlalandsliðið heldur til Luxemborgar í lok júní og er undirbúningurinn á fullu fyrir þá ferð einnig en flogið verður með Icelandair til Frankfurt og tekin lest þaðan.

Verkefni frá ársþingi

- Mótafyrirkomulag: Ný reglugerð var samþykkt sem Sævar byrjar á að vinna sem allra fyrst. Hann athugar fyrst með þau lið sem eiga rétt á að leika í efstu deild m.v. úrslit síðustu deildakeppna. Kvennaliði KA verður einnig boðin þátttaka.
- Nefnd fyrir endurgerð reglugerðar Öldungamótsins. Á síðasta öldungaðingi var ákveðið að skipa þrjú menn í nefnd á móti þremur frá BLÍ til þess að endurskoða reglugerð Öldungamótanna
 - Frá öldungaðinginu eru: Ingibjörg Gunnarsdóttir, ÍS; Ásdís Birna Pálsdóttir, Skelli; Þorgerður Kristinsdóttir, Álftanesi.
 - Samþykkt var að fulltrúar BLÍ yrðu: Hreggviður Norðdahl, Björn Guðbjörnsson og Svala Vignisdóttir og mun hún stýra nefndinni.
 - Tilmæli frá BLÍ til nefndarinnar eru m.a. hvort raunhæft sé að BLÍ bjóði mótin út, koma þarf öllum keppendum inn í Felix skráningarkerfi ÍSÍ. Það er mjög mikilvægt m.a. vegna Lottótekna. Varðandi dómgæslu skal ávallt leita fyrst til landsliða Íslands sem myndu dæma í fjáröflunarskyni.
- Mótamál: Ákveðið að kanna fyrst hjá nýjum liðum sem hafa áður verið í efstu deild, t.a.m. KA konur. Þetta verður opið í annann endann en þarf að gera könnun sem allra fyrst. Lokaskráning í deildina verður í lok júní og skráning er bindandi.

Önnur mál

- Evrópuþing í haust – Formaður BLÍ hefur sótt þessi þing. Fyrir liggur að CEV borgar flugmiðann skv. ákvörðun forseta CEV frá SCD fundi í janúar.
- Brossamningur útrunninn og verður ekki endurnýjaður
- Sævar leggur grunn að VÍS samningi vegna unglíngalandsliðanna og tryggingar í ferðum
- Heiða ræðir um starf gjaldkera og möguleg tengsl við Kaupþing og ætlar að athuga samningsstöðu BLÍ á þeim vettvangi.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.